

Þinggerð ársþings Blaksamband Íslands haldið í Íþróttamiðstöðin í Laugardal í Reykjavík, 16.09.2016 kl. 16.00.

44. ársþing BLÍ

Jason Ívarsson formaður BLÍ bauð þingfulltrúa og gesti velkomna á ársþingið, sem er nú haldið um haust vegna anna á vordögum sem ollu því að ekki var hægt að halda þingið á hefðbundnum tíma.

Í setningarræðu formanns kom meðal annars fram að starfsemi sambandsins vex hratt, sem er jákvætt vandamál.

Starfið hefur aldrei verið eins mikið og um þessar mundir og því er nauðsynlegt að fleiri hendur komi að starfinu.

Undanfarin þrjú ár hefur BLÍ haldið alþjóðleg mót. Hreyfingin er því orðin nokkuð vön slíku mótahaldi. Kostnaðurinn við mótahaldið er hins vegar mjög mikill þar sem stærstu liðirnir eru gisting og leiga á keppnishúsi.

BLÍ telur nauðsynlegt starfsins vegna að halda alþjóðleg mót og leggur mikinn metnað í slíkt starf. Öll umgjörð um þessi mót er eins og best verður á kosið en samt sjá allt of fáir áhorfendur ástæðu til þess að mæta á keppnisstað og horfa á spennandi keppni.

Umgjörð um mótahald í deildarkeppninni hefur batnað stórlega með því að taka í notkun rafræna leikskýrslu og skrá tölfraði leikjanna. Það auðveldar meðal annars alla upplýsingagjöf til fjölmiðla en leggur jafnframt skyldur á herðar félaganna að hafa alltaf nægan fjölda af hæfu starfsfólki á öllum leikjum til þess að tölfraðin verði marktæk.

Góð umgjörð leikja hefur að sjálfsgöðu áhrif á ímynd, útbreiðslu og markaðssetningu íþróttarinnar.

Ennþá virðist það vera of flókið að raða niður leikjum í úrvalsdeild og 1. deild þar sem þjálfarar og/eða leikmenn sinna mörgum hlutverkum innan félaganna. Þessu þarf að breyta og stefna að því að innan fárra ára fari fram einn leikur í hverri umferð og leikdagar verði alltaf á sömu dögum líkt og hjá öðrum boltagreinum. Til þess að svo megi verða þá þurfa félögin að breyta töluverðu í starfsemi sinni.

Stefna sambandsins í landsliðsmálum er metnaðarfull. Árangur okkar landsliða hefur verið góður undanfarið og á eftir að batna enn meira. Erlendir landsliðsþjálfarar okkar hafa komið með nýja vídd inn í starfið sem breiðist út til félaganna. Framundan eru mörg mikilvæg ný og spennandi verkefni sem verðugt verður að fást við.

Í lok setningarræðu sinnar þakkaði formaður öllum þeim sem unnið hafa fórnfúst og óeigingjarnt starf í þágu íþróttarinnar fyrir gott samstarf og sagði það ánægjulega að njóta sameiginlegs árangurs. Hann vonaði að þingstörfin yrðu árangursrík um leið og hann sagði 44. ársþing Blaksambands Íslands sett.

Tillaga formanns um Hreggvið Norðdahl sem þingforseta og Sævar Má Guðmundsson sem þingritara var samþykkt með lófataki.

Þingforseti gengur úr skugga um að þingið hafi verið boðað með lögmætum hætti og lýsir það og gjörðir þess þar með bindandi fyrir stjórn Blaksambands Íslands.

Kjörbréfanefnd skipa þau Valgeir Hilmarsson, Sigríður Halldóra Pálsdóttir og Torfi Jóhannsson. Nefndin tók strax til starfa við að vara yfir kjörbréf.

Þingforseti biður þingfulltrúa velja sér þær nefndir sem þeir óska að stafa í.

Næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar en hana má finna í ársskýrslu BLÍ á heimasíðu sambandsins.

Framkvæmdastjóri kynnti reikninga sambandsins, sem voru svo bornir upp og samþykktir samhljóða.

Hafsteinn Pálsson stjórnarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ ávarpaði þingið. Hann þakkaði fyrir góð samskipti og samstarf á milli BLÍ og ÍSÍ. Hann þakkaði sérstaklega fyrir samstarfið á Smáþjóðaleikunum 2015 og sagði að allir þeir sem lögðu hönd á plóg til þess að gera veg Smáþjóðaleikans sem mestan, eiga þakkir skildar.

Í sumar var haldinn blaðamannafundur með fulltrúum ríkisstjórnarinnar þar sem var kynnt að ríkið eykur verulega fjármagn til íþróttahreyfingarinnar á næstu þremur árum. Það á eftir að móta tillögur um það hvernig fénu verður ráðstafað en þær tillögur verða hugsanlega tilbúnar á formannafundi í haust eða í síðasta lagi á íþróttþingi næsta vor.

Íþróttahreyfingin þarf að standa vörð um fyrirtækin sem hún á aðild að svo sem íslenska Getspá. Það eru tækifæri til þess að ná í tekjur í gegnum getraunastarf. Það er hins vegar vaxandi ásókn í þessa starfsemi frá utanaðkomandi mis löglegum aðilum sem geta étið upp tekjustofna löglegrar getraunastarfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Hafsteinn hvatti alla til þess að taka þátt í almenningsíþróttum og talaði um að vöxturinn í blakhreyfingunni væri mikill núna og vonaðist eftir því að hann héldi áfram að aukast. Að lokum óskaði hann þingfulltrúum góðs gengis í stöfum sínum á þinginu.

Valgeir Hilmarsson gerði grein fyrir niðurstöðum kjörbréfanefndar og las upp nöfn þingfulltrúa.

Frá ÍBR: Sunna Þrastardóttir, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Jón Ólafur Valdimarsson, Sigríður Pálsdóttir, Valgeir Hilmarsson, Einar Ólafsson, Sævar Már Guðmundsson, Helga Steinunn Hauksdóttir. Átta mættir af 9 sem skráðir voru á kjörbréf.

Frá HSK: Kristján Geir Guðmundsson, Kristín Hálfánardóttir, Jason Ívarsson. Allir mættir sem skráðir voru á kjörbréfið.

Frá UÍA: Sigurveig Róbertsdóttir. Ein mætt af tveimur sem skráðar voru á kjörbréfið.

Frá UMSK: Eyrún Hlynsdóttir, Torfi Jóhannsson, Björg Erlingsdóttir, Guðrún K Einarsdóttir, Sigurbjörn Grétar Eggertsson, Steinn G Einarsson, Mundína Ásdís Kristinsdóttir, Þorgerður Kristinsdóttir. Átta mættir af 9 sem skráðir voru á kjörbréfið.

Frá HSV: Harpa Grímsdóttir mætt á þingið og ein skráð á kjörbréf.

Alls eru 21 þingfulltrúi mættur á þingið.

Að þessu loknu lýsti þingforseti atkvæðagreiðslu um reikninga sambandsins löglega.

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og lagði hana fyrir þingið. Torfi Jóhannsson kom upp og spurði hvar áætlun fyrir árið 2016 væri. Þingforseti bað Sævar um að það verði rætt í fjárhagsnefnd. Fjárhagsáætluninni var vísað í fjárhagsnefnd og merkt sem þingskjal 1

Laga- og leikreglnabreytingar.

Formaður fór yfir framkomnar tillögur sem má finna á heimasíðu BLÍ.

Þingskjal 2 – Iðkendagjald – vísað allsherjarnefnd.

Þingskjal 3 – Breytingatillaga, bikarkeppni – vísað í laga- og leikreglnanefnd.

Þingskjal 4 – Breytingatillaga, Íslandsmót – vísað í laga- og leikreglnanefnd.

Þingskjal 5 – Breytingatillaga, félagaskipti – vísað í laga- og leikreglnanefnd.

Kristín Hálfánardóttir bar upp tillöguna um búningar leikmanna í 2. deild og neðar megi vera merktir með númerum upp í 99. Lagt til að í 2. deild og neðar verði númer

leyfð upp í 99. Tillögunni var vísað til laga- og leikreglanefndar merkt sem þingskjal 6.

Fleiri tillögur bárust ekki.

Nefndir luku störfum eftir kvöldverð kl. 18.40.

Sævar Már gerði grein fyrir störfum fjárhagsnefndar. Nefndin ákvað að leggja áætlunina óbreytta fyrir þingið. Fram kom í umræðum um áætlunina að lausafjárstaða sambandsins er slæm vegna 4 milljóna krónu taps vegna undankeppni EM/HM sl. vor. Umræður um tillöguna voru í stórum dráttum eftirfarandi:

Kristín Hálfánardóttir talaði um óvissuþátt varðandi iðkendagjaldið.

Helga Steinunn spurði um hvað áætlað væri að iðkendagjaldið skilaði miklu. Svarið var um 5 milljónir.

Valgeir Hilmarsson sagði að það þyrfti að styrkja tekjustofna sambandsins og var þess vegna hlynntur iðkendagjaldinu.

Kristín sagði að mörg sérsambönd innheimtu iðkendagjöld og óraunhæft að gera ráð fyrir því að sama upphæð kæmi inn í formi styrkja.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var samþykkt samhljóða.

Jason Ívarsson gerði grein fyrir stöfrum allsherjarnefndar.

Aðal viðfangsefni nefndarinnar var iðkendagjaldið og fyrirkomula á innheimtu þess.

Allir nefndarmenn voru sammála um það að koma gjaldinu á en grunnur innheimtunarinnar gæti vafist fyrir. Miðað var við að iðkandatölur í Felix væru stofn gjaldsins en þær tölur gætu verið villandi þar sem í sumum tilfellum væri um ofskráningu að ræða. Eins og staðan er í dag þá getur BLÍ aðeins stuðst við skráninguna í Felix. Aðrir möguleikar gætu verið að gefa út leikmannaleyfi, sem er nokkuð tímafrekt, a.m.k. í upphafi.

Umræður um tillöguna voru eftirfarandi:

Valgeir Hilmarsson vildi að rökstuðningurinn væri tekinn með inn í tillöguna en hvarf frá því þegar honum var bent á að aðeins væri verið að fjalla um að koma iðkendagjaldinu á en ekki ákveða upphæð þess.

Helga Steinunn hafði áhyggjur af því að Felix væri ekki rétti grunnurinn fyrir innheimtunni.

Eyrún Harpa hafði líka áhyggjur af Felix sem grunnur og tók sem dæmi að í hennar félagi væru skráðir fleiri iðkendur en þeir eru í raun.

Jason sagði að það væri mismunandi hvernig iðkandi er skilgreindur.

Kristín spurði hvort vilji væri fyrir því að hafa skráninguna í Felix rétta eða ekki.

Torfi taldi að tekjustofn BLÍ gæti rýrnað eftir tiltekt í Felix.

Jason spurði hvort vilji væri fyrir því að innheimta gjaldið og hvort þingheimur gæti sammælst um það að vísa til stjórnar nánari útfærslu á innheimtu gjaldsins.

Sigurveig Róbertsdóttir sagði að hugmyndin um innheimtu gjaldsins seint fram komna og innheimtan yrði erfiðari þar sem búið er að senda út upphæð æfingagjaldanna hjá félögunum.

Grétar Eggertsson sagði að gjaldið mætti vera hærra. Hann mælti með að ekki yrði rukkað á haustönninni en innheimtar yrðu 2000 krónur á hverri önn eftir það, þ.e. 4000 krónur á ári á iðkanda.

Jason sagði að fyrst þyrfti að fá heimild til þess að innheimta gjaldið.

Eyrún – Leggur fram breytingatillögu um að taka út orðin „...Gjaldið miðast við Felix.. ár hvert...“. Steinn Einarsson – styður tillögunna.
Breytingatillagan borin upp breytt og samþykkt samhljóða.

Þingritari mótar nýtt orðalag tillögunnar sem er eftirfarandi:

44. ársþing BLÍ samþykkir að iðkendagjald fyrir leiktímabilið 2016/2017 verði allt að 3.000 kr. Innheimt í tvennu lagi 1.000 kr. Þann 1. nóvember 2016 og 2.000 kr. Þann 2. mars 2017.

Nokkur umræða spannst áfram um tillöguna á óformlegum nótum. Breytingatillagan var þá borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Lagt er til að málinu um framkvæmd innheimtunnar verði vísað til stjórnarinnar og hún leggi fram fastmótaðar tillögur á næsta ársþingi. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum greiddum atkvæðum.

Stefán Jóhannesson gerði grein fyrir niðurstöðum Laga- og leikreglanefndar.

Þingskjal 3 – bikarkeppnin

Tillaga um að vísa tillögunni til stjórnar sem mun kveða á um nánari útlistun á ferðakostnaði. Það fylgdi með að réttast væri að skipta einnig ferðakostnaðinum á milli þeirra liða sem komast í úrslitahelgina í Höllinni. Nefndin gerði tillögu um að því að vísa málinu til stjórnar, sem var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 4 – Íslandsmót

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt eins og hún var sett fram. Gerðar voru tillögur um breytingar á tveimur stöðum þ.e. á greinum 2.1 og 3.3
Nefndin leggur til að þessar breytingatillögur verði báðar samþykktar.
Grein 2.1 borin upp – samþykkt með öllum greiddum atkvæðum
Grein 3.3 borin upp – samþykkt með þorra greiddra atkvæða og þar með tillagan í heild með áorðnum breytingum.

Þingskjal 5 – Reglugerð um félagaskipti

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar BLÍ til nánari útlistunar og niðurstaðan svo kynnt á formannafundi.
Eyrún – vildi hafna tillögunni um félagaskipti vegna þess hversu illa hún væri unnin. Kristín leggur til þá breytingartillögu að 9. grein félagaskiptatillögunnar verði strikuð út og 8. grein verði vísað til stjórnar BLÍ. Hún vildi líka láta bóka það að frá því tillagan var send út hafi henni verið breytt þar sem áður var tilvísun í HSÍ en er það ekki lengur.
Frávísunartillaga var felld með 11 atkvæðum gegn 1.
Það var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að taka 9. grein út.
Eftir allnokkrar umræður var samþykkt að vísa tillögunni til stjórnarinnar sem legði fastmótaðri tillögu fyrir næsta ársþing.

Þingskjal 6 – Búningareglur

Lögð er til breyting á þá leið að frá og með 8 liða úrslitum eigi þetta númerakerfi ekki við.
Þingskjal 6 var samþykkt með áorðnum breytingum.

Torfi – óskar eftir því að áður en dagur liði allur þá liggi dagsetning næsta ársþings fyrir.

Ákveðið gjald ævifélaga

Jason – leggur til að gjald verði óbreytt kr. 100.000.-

Nokkur gamanmál voru sögð í sambandi við þessa tillögu sem var svo samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál

Steinn Einarsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

„44. ársþing BLÍ leggur til að 45. ársþing BLÍ fari fram í mars 2017“.

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Jón Ólafur – spurði hvernig ársskýrslan verði þá unnin.

Jason bendir á að hugsanlega verði skýrslan öðruvísi en þó verður hægt að samþykkja reikninga og leggja fram skýrslu stjórnar og einhverra nefnda.

Tillagan borin upp og samþykkt með yfirgnæfandi þorra atkvæða.

Sigurveig – spurði um skipulag í kringum unglingslandslíðin og kallaði eftir að upplýsingar og skipulag æfinga og lokahópur lægi fyrir fyrr en nú er.

Stefán – svaraði að starfsemi sambandsins hafi aukist til muna undanfarið og að skrifstofan ráði ekki við umfangið. Því er mikilvægt að auka tekjustofna til að ráða fleira starfsfólk til þess að koma málum sem þessum í betra horf.

Jason – sagði að þjálfararnir bíði með það í lengstu lög að gefa út lokahópa og það geri erfitt fyrir með tilkynningar til viðkomandi hópa.

Hrafnhildur studdi þessa umræðu og sagði það meira spurningu um að foreldrar viti eitthvað meira, hvenær hvað er eitthvað að gerast og þess háttar.

Kristján – sagði að vandinn væri sá að á skrifstofu Blaksambandinu væri einungis einn starfsmaður – það hefur verið mjög mikið að gera síðustu 4-5 vikur og takmarkað hve miklu einn starfsmaður getur komið í verk.

Harpa – ræddi um það að allir ættu að hafa jafna möguleika til þess að iðka íþrótt sína án tillits til búsetu og vísaði til annarra sérsambanda hvað það varðaði.

Kristján – sagði að hann hafi boðið sig fram sem verkefnastjóra landsliðsmála án þess að taka laun fyrir. Hluti af því sem hann ætli sér að gera er að fara í hin sérsamböndin og njósna hvernig önnur sambönd geri þetta. Hann taldi að það þyrfti að útbúa vinnureglur fyrir þjálfara.

Harpa – sagðist ekki hafa verið að deila á einn eða neinn með fyrri orðum sínum.

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir – minntist á margskonar tillögur sem komu fram í þinggerð öldungabingsins.

Jason – sagði þetta þing í raun ekki að afgreiða tillögur sem koma fram á öldungabingi

Harpa – sagði hvort ekki væri rétt að stofna öldunganefnd sem sæi um málefni öldunganna, líkt og aðrar starfsnefndir sambandsins gera.

Jason – það gæti vel verið heppilegt, líkt og gert var þegar endurskoða þurfti reglurnar um öldungamótin

Hreggviður – sagði að það ætti að taka mark á öldungabingi og þetta þing hefði mögulega átt að afgreiða tvær tillögur frá öldungabinginu.

Jón Ólafur – spurði hvort það ætti þá bara ekki að vísa þessum tillögum til öldungabingsins

Grétar – sagðist aldrei hafa skilið af hverju upphaf og endir Íslandmóts sé miðað við Öldungamót í blaki.

Jason – sagði að tæknilega hefði ekki verið hægt að taka þessar tillögur öldungarþingsins fyrir þar sem þinggerð öldungarþings hafi ekki borist fyrr en fyrir nokkrum klukkustundum til Blaksambandsins.

Kristín – sagði það kannski betra að byrja Íslandsmótið fyrr á haustin en nú er.

Þingforseti – sagði að BLÍ gæti hreyft við málinu og fært mótið.

Sigurveig – sagði að öldungamótið ætti ekki að stjórna tímasetningu Íslandsmótsins.

Kristín – spurði hvað öldungamótið væri að skila miklum tekjum til BLÍ? Svárið var um 1,5 milljónir.

Stefán Jóhannesson ræddi um landsliðsmál. Það er verið að undirbúa 8 unglíngalandslið til keppni í hinum ýmsu keppnum.

Jason minntist á íþróttaviku RÚV.

Valgeir Himarsson velti því upp hvort úrslitahelgi bikarkeppninnar þurfi alltaf að vera í Höllinni og hvort hægt væri að fá staðfestingu á útsendingu RÚV frá viðburðinum.

Eftir nokkra umræðu voru þingfulltrúar sammála um það að bikarúrslitin ættu að vera á fram í Laugardalshöllinni.

Kosningar

Steinn Einarsson gerði grein fyrir niðurstöðum uppstillingarnefndar.

Það á að kjósa um tvo stjórnarmenn í aðalstjórn BLÍ til tveggja ára. Ekki komu fram fleiri tillögur en um Kristínu Hálfánrdóttur og Stefán Jóhannesson. Þau voru því sjálfkjörin.

Næst kom fram tillaga um þrjá menn í varastjórn.

Þeir Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Einar Ólafsson og Steinn Einarsson voru sjálfkjörnir þar sem aðrir gáfu ekki kost á sér.

Sem skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Davíð Búi og Hjörtur Halldórssynir.

Þingforseti þakkaði fyrir sig á þinginu og hrósaði þingfulltrúum fyrir góð störf á þinginu. Hann gaf svo formanni blaksambandsins orðið.

Jason Ívarsson þakkaði þingheimi fyrir vel unnin störf á þinginu. Hann þakkaði þeim sem gengu úr stjórn um leið og hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Að lokum óskaði hann öllum góðrar heimferðar.

Þingi slitið kl. 21.22.

Þingritari Sævar Már Guðmundsson

Þingforseti Hreggviður Norðdahl

Viðaukar

Þingskjal 1

Rekstraráætlun fyrir 2017

	skýr	Áætlun 2017
Rekstrartekjur		
Framlög og styrkir.....	1	20.000.000
Mótatekjur.....	2	14.000.000
Aðrar tekjur.....	3	<u>16.000.000</u>
		50.000.000
 Rekstrargjöld		
Yfirstjórn.....	4	13.000.000
Íþróttaleg viðskipti.....	5	33.000.000
Kynning og fræðsla.....	6	2.000.000
Önnur gjöld.....	7	500.000
Afskriftir.....	8	<u>500.000</u>
		49.000.000
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.000.000
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur.....	9	
Vaxtagjöld.....	10	<u>-50.000</u>
		(50.000)
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>950.000</u></u>

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2

Til ársþings BLÍ 16. september 2016

Flutningur: Stjórn BLÍ

Tillaga að nýrri reglugerð um iðkendagjald Blaksambands Íslands

Iðkendagjald.

Stjórn BLÍ er heimilt að innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern féлага blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSí eða taka þátt í mótum á vegum BLÍ.

Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ fyrir tvö ár í senn. ~~Gjaldið miðast við fjölda blakiðkenda sem eru skráðir í Felix 15. október ár hvert.~~ Undanþegnir gjaldinu eru þeir iðkendur sem eru í þriðja aldursflokki og yngri.

Iðkendagjaldið skal innheimta í tvennu lagi, 1. nóvember og 1. mars.

Stjórn BLÍ er heimilt að meina þeim félögum sem skulda iðkendagjaldið þátttöku í mótum á vegum BLÍ. Slíka ákvörðun skal tilkynna viðkomandi félagi með a.m.k. viku fyrirvara.

Rökstuðningur.

Í allmörg ár hefur iðkendagjald í hvers konar formi verið til umræðu innan forystu BLÍ. Nú hefur stjórn BLÍ ákveðið að innheimta slíkt gjald líkt og allmörg önnur aðildarfélög ÍSí gera.

Framundan eru spennandi tímar hjá blakfólki landsins

A landsliðin í blaki og strandblaki hafa náð mjög góðum árangri, yngri landsliðum fjölga og þau taka þátt í nýjum og fleiri verkefnum.

Til þess að sinna auknum verkefnum í mjög svo vaxandi starfsemi sambandsins þá er orðin nauðsyn að bæta við starfskrafti á skrifstofu BLÍ.

Það má segja að blakstarfið standi á nokkurs konar tímamótum um þessar mundir. Þegar hefur verið ráðist í mörg metnaðarfull verkefni og þeim verður framhaldið og fjölgað á næstu árum til þess að vinna blakið upp á annað og betra stig.

Þegar tekið er tillit til alls þessa þá telur stjórn BLÍ nauðsynlegt að skjóta styrkari stoðum undir fjárhag BLÍ með innheimtu á iðkendagjaldinu.

Það skal áréttað að til þess að vera gjaldgengur þátttakandi í mótum á vegum BLÍ (Íslandsmót, bikarkeppni, haustmót, strandblakmót, öldungamót og 2. flokks mót) þarf viðkomandi einstaklingur að vera skráður í Felix.

Fyrir næstu tvö ár leggur stjórn BLÍ til að upphæð iðkendagjaldsins verði krónur 2000 fyrir hvern iðkenda en á móti verða þáttökugjöld í deildakeppni ekki hækkuð fyrir komandi keppnistímabil.

Stjórn BLÍ

Tillaga á ársþingi 16. September 2016

44. ársþing BLÍ samþykkir að iðkendagjald fyrir leiktímabilið 2016/2017 verði allt að 3.000 kr.

Innheimt í tvennu lagi 1000. Kr. 1. Nóvember 2016 og 2000 kr. 1. Mars 2017.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Lagt er til að málinu verði vísað til stjórnar til framkvæmda og að stjórnin komi með málið á ný fyrir næsta ársþing Blaksambandsins.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingartillaga við reglugerð fyrir Bikarkeppni BLÍ

Reglugerð fyrir bikarkeppni BLÍ

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.fv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu félagi í keppninni.
2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þó skal það lið sem er í lægri deild ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. Lið skulu deila með sér ferðakostnaði ef farið er um lengri leið en 100 km í aðra átt, séu innan við 500 km í aðra átt landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug. **Aksturskostnaður per greiddan km skal ákvarðaður af stjórn BLÍ hverju sinni.**
3. gr. Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir kjördæmum. Þó þannig að Reykjavíkurborg kjördæmin og Suðvesturkjördæmi (kraginn) teljist eitt kjördæmi. Í annarri umferð koma inn lið úr 1. deild. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. Ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri. Þáttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert. Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.
4. gr. Þegar úrvalsdeildarliðin koma inn í keppnina skal dregið í 16-liða úrslit (8-liða úrslit séu liðin átta eða færri). Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við slíkan drátt til að koma fjölda liða í heilt veldi af tveimur skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:
 1. Bikarmeistarar
 2. Íslandsmeistarar
 3. Deildarmeistari úrvalsdeildar
 4. Það lið sem varð í 2. sæti í bikarkeppninni
 5. Það lið sem varð í 2. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar
 6. Það lið sem varð í 3. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildarOg svo koll af kolli samkvæmt úrslitum í deildarkeppni úrvalsdeildar. Lið sem féll úr úrvalsdeild skal þó raðast neðar en það lið sem vann sig upp í úrvalsdeild. Nýtt lið í úrvalsdeild (ef ekkert lið fellur) skal raðast neðst. Ef fleiri en eitt nýtt lið bætist í úrvalsdeildina skal varpa hlutkesti um röð þeirra við yfirsetu.
5. gr. Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ræður leikstað og tíma. Draga skal fyrst heimalið í fyrri undanúrslitaleikinn og svo útilið, svo skal draga heimalið í seinni undanúrslitaleikinn og þá útilið.
6. gr. Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB.
7. gr. Heimalið skal eiga rétt á að velja búning í undanúrslitum og úrslitum. Lið skulu ekki vera í sams konar lituðum búningum.
8. gr. Heimilt er að selja nafn bikarkeppninnar.

Samþykkt að vísa málinu til stjórnar BLÍ

Breytingatillaga að reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands

1. Úrvalsdeild og Deildakeppni BLÍ

- 1.1 Íslandsmót Blaksambands Íslands skal leikið annars vegar í Úrvalsdeild og hins vegar í Deildakeppni.
- 1.2 Úrvalsdeild Blaksambands Íslands skal skipuð að hámarki 12 liðum. Einungis eitt lið frá hverju aðildarfélagi BLÍ getur verið í Úrvalsdeildinni.
- 1.3 Deildakeppni Blaksambands Íslands skal leikin í jafn mörgum deildum og þurfa þykir hverju sinni en að jafnaði skal miðað við að hafa átta lið í deild. Efsta deild í Deildakeppni BLÍ er 1. deild. Þau lið sem ekki taka þátt í Úrvalsdeildinni (sjá grein 1.2.), þ.m.t. undirlið (s.s. b-lið) félaga í Úrvalsdeildinni, geta tekið þátt í Deildakeppni BLÍ.
- 1.4 Lið Úrvalsdeildarinnar falla ekki úr henni nema ef um 12 liða deild sé að ræða. Þá fellur neðsta lið Úrvalsdeildarinnar í 1. deild óski efsta gjaldgenga lið 1. Deildar eftir sæti í Úrvalsdeild. Úrvalsdeildarlið geta samt óskað eftir tilfærslu í Deildakeppnina. Einungis getur þó eitt lið frá sama aðildarfélagi BLÍ verið í efstu deild Deildakeppninnar (sjá grein 3.3). Lið í Deildakeppninni geta skráð sig í Úrvalsdeildina sé ekki annað lið frá sama aðildarfélagi BLÍ fyrir í Úrvalsdeildinni.
- 1.5 Sama stigakerfi, leikreglur og reglur um notkun leikmanna gilda í Úrvalsdeildinni og Deildakeppninni nema að annað sé tilgreint. Til að vinna leik þarf þrjár unnar hrinur, hver hrina er upp í 25 en oddahrina er 15 stig. Tvö stig þarf að skilja á milli til að hrina vinnist. Ef spilað er með hraðmótafyrirkomulagi vinnst sigur í leik þegar tvær hrinur hafa unnist, annars sama fyrirkomulag.
- 1.6 Fyrir hvern unninn leik fær sigurliðið 3 stig, nema ef leikur endar 3 – 2 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig. Ef spilað er með hraðmótafyrirkomulagi fær sigurlið 3 stig nema ef leikur endar 2 – 1 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig.
- 1.7 Sjö leikjahæstu leikmönnum hvers liðs í Úrvalsdeildinni er óheimil þátttaka í Deildakeppninni. Þeir leikmenn Úrvalsdeildar sem ekki eru á meðal sjö leikjahæstu í hverju liði fyrir sig mega leika með einu undirliði sama aðildarfélags. Þeir leikmenn sem svo færast niður mega einungis spila í þeirri deild Deildakeppninnar sem næst stendur Úrvalsdeildinni. Þeir sjö leikmenn sem eru leikjahæstir í hverju liði í hverri deild í Deildakeppninni mega ekki leika niður fyrir sig en aðrir mega færast niður á sama hátt og Úrvalsdeildarleikmenn. Þetta gildir þó ekki um leikmenn sem tilheyra 3.flokki eða yngri sem mega spila með öllum deildum óháð leikjafjölda. Hver leikmaður getur einungis spilað í tveimur deildum á sama keppnistímabili.
- 1.8 Leikjafjöldi er talinn þannig að komi leikmaður inn á í leik telst hann hafa spilað leikinn. Frelsingi/frelsingjar á skýrslu teljast einnig hafa spilað leikinn (allar hrinur). Séu fleiri en einn leikmaður jafnir í sjöunda sæti yfir leikjahæstu leikmenn liðs skulu taldar hrinur til að skera úr um sjö leikjahæstu leikmenn. Séu leikmenn enn jafnir í sjöunda sæti má enginn þeirra spila með liði neðri deilda.

- 1.9 Skipti leikmaður um lið á tímabilinu teljast þeir leikir sem hann hefur þegar leikið á tímabilinu með því liði sem hann gengur í. Hann getur því strax orðið einn af sjö leikjahæstu mönnum þess liðs sem hann gengur í. Leikir hans teljast því ekki lengur með því liði sem hann gengur úr og getur hann ekki verið meðal sjö leikjahæstu leikmanna þess.
- 1.10 Ef tvö eða fleiri lið frá sama aðildarfélagi BLÍ leika í sömu deild Deildakeppni BLÍ má færa leikmenn á milli liða eftir að mótið er hafið að því tilskyldu að slík skipti milli liða séu tilkynnt til BLÍ. Almennar reglur félagaskipta um biðtíma leikmanna eftir leikheimild gilda um slíkar tilfærslur.
- 1.11 BLÍ er heimilt að selja nafn Úrvalsdeildarinnar og deilda innan Deildakeppninnar. Slíkur samningur skal vera BLÍ og liðunum í viðkomandi keppni til hagsbóta.
- 1.12 Lið skulu tilkynna til BLÍ um fyrirhugaða þátttöku í síðasta lagi þann 1. júní ár hvert og skal sækja um leikmannaleyfi fyrir leikmenn liðanna í síðasta lagi 15. september ár hvert. BLÍ gefur út leyfi fyrir hvern leikmann fyrir upphaf Íslandsmóts og Deildakeppni BLÍ. Hver leikmaður getur verið á leikmannaleyfum tveggja liða sama aðildarfélags BLÍ.
- 1.13 Öll lið í Deildakeppni BLÍ greiða þátttökugjöld til BLÍ og skal liðum tilkynnt um upphæð gjalds fyrir næsta tímabil eigi síðar en 10. júní ár hvert. Liðin skulu greiða óendurkræft staðfestingargjald sem nemur 30% af þátttökugjaldinu fyrir 15. júní ár hvert. Afgang þátttökugjaldsins skal greiða fyrir 15. ágúst ár hvert.
- 1.14 Mótanefnd raðar upp mótinu miðað við staðfestar skráningar liða 15. júní og skulu drög að mótahaldi vetrarins vera tilbúin a.m.k. í stórum dráttum 30. júní ár hvert. Lið sem vilja halda túrningar neðri deilda skulu sækja um slíkt túrningahald fyrir 1. ágúst ár hvert.

2. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Úrvalsdeild

- 2.1 Í Úrvalsdeild skal leikið í bæði karla- og kvennaflokki. Öllum blakfélögum á Íslandi innan ÍSÍ er heimilt að óska eftir þátttöku í Úrvalsdeildinni og skulu að hámarki 12 lið skipa deildina hverju sinni **og tvöföld umferð leikin séu 9-12 lið í deildinni. Séu 7-8 lið í Úrvalsdeild skal leika þrefalda umferð og skal 3. umferð leikin á sama hátt og 1. umferð (hvað varðar heima- og útileiki).** Séu 5-6 lið í Úrvalsdeild skal leika fjórfalda umferð og séu fjögur lið eða færri í Úrvalsdeild skal leika sexfalda umferð. Þegar hefðbundnum umferðum er lokið vinnur efsta liðið deildarmeistaratitil.
- 2.2 Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Leikin skal úrslitakeppni átta efstu liða. Deildarmeistararnir mæta liðinu sem varð í 8. sæti (leikur A), liðið í 2. sæti liðinu í 7. sæti (leikur B), liðið í 3. sæti liðinu í 6. sæti (leikur C) og liðið í 4. sæti liðinu í 5. sæti (leikur D). Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til undanúrslita og mætast þá annars vegar sigurvegarar í leikjum A og D og hins vegar sigurvegarar leikja B og C. Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og verður það lið Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.
- 2.3 Ef átta lið eða færri eru í Úrvalsdeildinni skal leikin úrslitakeppni fjögurra efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Deildarmeistararnir mæta liðinu sem varð í 4. sæti og liðið í 2. sæti liðinu í 3. sæti. Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og

verður það lið Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

- 2.4 Ef þátttökulið í Úrvalsdeild eru fjögur eða færri skal úrslitakeppnin taka mið af því með því móti að neðsta liðinu í deildinni er aldrei heimilt að taka þátt í úrslitakeppninni. Ef úrslitakeppni er aðeins á milli þriggja efstu liða þá hvíla deildarmeistarar í undanúrslitum.
- 2.5 Þegar lið/félög hafa samþykkt leikjaplan fyrir úrslitakeppnina eru þau ábyrg fyrir að útvega keppnisstað sem uppfyllir kröfur BLÍ. Geti félag/lið ekki útvegað hús á tilsettum degi skal BLÍ í samráði við það félag sem á heimaleikjarétt finna aðra lausn.

3. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Deildakeppni

- 3.1 Öllum blakfélögum innan ÍSÍ er heimil þátttaka og hefur hvert blakfélag rétt á að senda til keppni eins mörg lið og það óskar. Keppt er í bæði karla- og kvennadeildum frá 1. deild og niður. Hver deild skal að jafnaði skipuð átta liðum og má einungis eitt lið frá sama aðildarfélagi BLÍ vera í efstu deild Deildakeppninnar nema ef Deildakeppnin er leikin í einni deild. Engin takmörk eru á fjölda liða frá hverju aðildarfélagi BLÍ í 2. deild og neðar. Mótanefnd BLÍ er heimilt að setja á riðlakeppni eftir landshlutum verði þátttaka þannig að slíkt sé mögulegt. Lið geta skráð sig til þátttöku í þeim riðli sem hentar best. Ef mögulegt er skal vera sama keppnisfyrirkomulag á mótahaldi vetrarins í riðlum sömu deildar.
- 3.2 Það lið sem sigrar deildarkeppni viðkomandi deildar er deildarmeistari þeirrar deildar eða deildarmeistari riðils þeirrar deildar sé deildinni riðlaskipt.
- 3.3 Í 1. deild skal miðað við að lið leiki a.m.k. 14 leiki á tímabili. Leikið skal heima og að heiman. **Standi fjölda umferða á oddatölu, skal oddatöluumferðin leikin á sama hátt og 1. umferð (hvað varðar heima- og útileiki).** Tvö neðstu lið 1. deildar falla niður í 2. deild (innan riðla ef riðlaskipt) og tvö efstu lið 2. deildar koma í þeirra stað (innan riðla ef riðlaskipt). Skrái lið 1. deildar sig til keppni í Úrvalsdeild skal færa þrjú lið (eða fleiri) upp úr 2. deild til að viðhalda réttum fjölda liða nema að Úrvalsdeildarlið skrái sig til keppni í Deildakeppninni á sama tíma. Að sama skapi ef Úrvalsdeildarlið skráir sig til keppni í Deildakeppninni skal færa þrjú (eða fleiri) neðstu lið 1. deildar niður í 2. deild til að viðhalda réttum fjölda liða nema að lið í 1. deild skrái sig til keppni í Úrvalsdeild á sama tíma. Þó er Mótanefnd BLÍ heimilt að fjölga liðum í 1. deild í allt að tíu vegna skráninga Úrvalsdeildarliða í Deildakeppnina. Fleiri en eitt lið frá hverju aðildarfélagi BLÍ geta þó ekki verið í 1. deild hverju sinni þannig að ef Úrvalsdeildarlið skráir sig til þátttöku í Deildakeppninni og lið frá sama aðildarfélagi BLÍ er fyrir í 1. deild færast það lið félagsins niður í 2. deild. Slíkar tilfærslur liða frá sama félagi á milli deilda vegna þess að félög mega ekki hafa meira en eitt lið í 1. deild eru gerðar áður en neðstu lið 1. deildar eru færð niður um deild. Allar tilfærslur sem miða að því að halda réttum fjölda liða í 1. deild skulu ganga niður í gengum allar neðri deildir.
- 3.4 Í 2. deild og þar fyrir neðan er leikið með hraðmótafyrirkomulagi. Leikin skal tvöföld umferð nema ef lið eru sjö eða færri en þá skal tilgreina fjölda umferða fyrir upphaf keppni í viðkomandi deild. Miðað skal við að liðin fái a.m.k. 14 leiki í deildarkeppninni. Tvö efstu lið í 2. deild færast upp og tvö neðstu liðin falla í 3. deild (innan riðla ef riðlaskipt). Úr 3. deild koma tvö efstu liðin upp og tvö neðstu liðin falla í 4. deild og svo koll af kalli (innan riðla ef riðlaskipt). Sömu reglur gilda um tilfærslu liða til að viðhalda réttum fjölda liða í deild eins og fram koma í grein 3.3. Þannig getur lið ekki farið upp úr 2. deild ef sama aðildarfélag BLÍ hefur lið fyrir í 1. deild. Í slíkum tilfellum færast næsta lið úr 2. deild upp.

4. Ákvæði frá dómara nefnd.

- 4.1 Til að öðlast þátttökurétt í Úrvalsdeild karla og kvenna þarf hvert karlalið og hvert kvennalið að tilnefna tvo virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í 1. deild Deildakeppninnar skulu tilnefna a.m.k. einn virkan dómara. Hver dómari skal skuldbundinn til að dæma a.m.k. 10 leiki á keppnistímabilinu. Skal tilkynna til dómara nefndar fyrir 1. september ár hvert um þessa dómara, að öðrum kosti þarf að halda dómara námskeið fyrir liðið. Dómara nefnd er heimilt að veita undanþágu ef til vandræða horfir en dómara nefnd skal a.m.k. halda eitt dómara námskeið á ári.
- 4.2 Útvegi lið ekki þá dómara á keppnistímabilinu samkvæmt grein 4.1 er heimilt að sekta liðið um **kr. 20.000,-** fyrir hvern dómara sem uppá vantar.
- 4.3 Hvert lið sem sækir um að halda túrningu/ar í 2. deild og neðar þarf að fá leikreglunámskeið fyrir fyrstu túrninguna sem það heldur á tímabilinu. Hvert lið sem sækir um að halda túrningu/ar í 2. deild og neðar þarf að leggja til a.m.k. tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í túrningunni sem skulu skuldbundnir til að dæma a.m.k. 80% leikja þeirrar túrningar. Útvegi lið ekki tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í túrningunni er heimilt að sekta liðið um **kr. 10.000,-** fyrir hvern dómara sem uppá vantar.
- 4.4 Ef dómari getur ekki dæmt þann leik sem hann er settur á ber að snúa sér til annars dómara. Dómarar geta skipt við aðra dómara. Héraðsdómari má ekki vera aðaldómari í Úrvalsdeild.
- 4.4 Dómarar skulu mæta ekki síðar en 30 mínútum fyrir leik. Ef dómari lætur ekki meðdómara eða heimalið vita að honum muni seinka vegna óviðráðanlegra atvika eða hreinlega mætir ekki til leiks án þess að tilkynna forföll og er ekki kominn í hús þegar hlutkest fer fram geta fyrirlíðar liðanna gert athugasemd um það á leikskýrslu. Ef sami dómari hefur fengið a.m.k. þrjár slíkar athugasemdir á leikskýrslu þá getur dómara nefnd meinað þeim dómara að dæma frekar á keppnistímabilinu.

5. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja

- 5.1 Net skal vera uppsett og frágengið 30 mín. fyrir leik.
- 5.2 Netspírur, net, stígatöflur og tvö sett af skiptisþjöldum númeruð 1-20 skulu vera í lagi og skv. reglum þar aðlútandi. Leikklukku skal nota í Úrvalsdeild með virku bjölluhljóði og niðurtalningu fyrir leikhlé og tæknileikhlé.
- 5.3 Ritari, töflumaður, stigaritari og boltafólk skal vera tilbúið til starfa 30 mínútum fyrir leik. Stigaritun og ritun leikskýrslu má ekki vera innt af hendi af sama aðila. Ritari og töflumaður skulu starfa á svæði ritaraborðs og aðaldómari skal samþykkja aðstöðu stigaritara. Mælst er til þess að boltafólk noti innanhússkó og það verður að ráða við verkið.

- 5.4 Stigaritari skal undirrita stigaskorblað undantekningarlaust. Mælst er til þess að sami aðili sjái um stigatalninguna allan leikinn, slíkt er líklegra til að tryggja samræmi.
- 5.5 Fjórir keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar 30 mín. fyrir leik.
- 5.6 Tónlist skal vera til staðar um leið og vallarsvæði er laust fyrir leik.
- 5.7 Fyrir hvern leik skal farið eftir neðangreindum tímaramma
- | | |
|--------------------|---|
| 30 mín fyrir leik: | Dómarar mæta til leiks og sjá til þess að ritari hefji störf við ritun leikskýrslu, mælir bolta, athugar skiptisþjöld og annan búnað sem þarf að vera til staðar og á að vera í lagi. |
| 16 mín fyrir leik: | Dómari flautar leikmenn af velli, mælir nethæðina og kallar til framkvæmdaraðila leiks ef laga þarf nethæð |
| 14 mín fyrir leik: | Hlutkesti varpað í viðurvist fyrirliða sem staðfesta síðan leikmannalista liða sinna. Þjálfarar staðfesta leikmannalista liða sinna í kjölfarið. |
| 12 mín fyrir leik: | Formleg upphitun hefst. |
| 2 mín fyrir leik: | Dómari flautar og gefur merki um að 2 mínútur séu í leik. |
| 30 sek fyrir leik: | Dómari flautar leikmenn á völlinn og aðstoðardómari fer yfir sendiröð liðanna. |
- Settur leiktími: Leikur hefst með merki dómara um fyrstu uppgjöf.
- 5.8 Misfarist eitthvað af þessum atriðum verulega skal dómari gera athugasemd á leikskýrslu og er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um kr. 10.000-.
- 5.9 Eftir leik í Úrvalsdeild skal senda úrslit til BLÍ og fjölmiðla.
- 5.10 Heimalið ber ábyrgð á því að leikskýrsla berist til skrifstofu BLÍ og skal sjá til þess að hún berist í síðasta lagi innan þriggja daga.

6. Heimild til mótanefndar

- 6.1 Mótanefnd BLÍ er heimilt að breyta út frá reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóta ef ekki fæst næg þátttaka til að fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar.

Breytingar voru á greinum 2.1 og 3.3. Samþykkt samhljóða

Reglugerð um félagaskipti

1.gr.

Leiktíð er frá 15. september til 15. maí

2.gr.

Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og greiða staðfestingargjald til BLÍ (sjá þó 6.gr.). Stjórn BLÍ ákveður staðfestingargjaldið fyrir 1. júní ár hvert og tilkynnir félögunum.

3.gr.

Fullgild félagaskipti, móttokin á skrifstofu BLÍ á skrifstofutíma (virka daga frá kl. 8 til 16), frá 15. maí til 15. október ár hvert, taka gildi um leið og framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

4.gr.

Félagaskipti sem lögð eru fram á skrifstofutíma eftir 15. október ár hvert taka gildi tveimur vikum eftir móttöku þeirra, að því tilskyldu að framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hafi samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta (sjá þó 6.gr.).

5.gr

Félagaskipti sem lögð eru fram á skrifstofutíma eftir 15. febrúar ár hvert taka ekki gildi fyrr en 15. maí að því tilskyldu að framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hafi samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta (sjá þó 6.gr.).

6.gr.

Hafi leikmaður ekki leikið með félagi sínu í eitt ár, telst hann hlutgengur með nýju félagi um leið og fullgild félagaskipti hafa verið móttokin og samþykkt af framkvæmdastjóra eða formanni BLÍ sbr. starfsreglur vegna félagaskipta. Hafi félag leikmanns verið lagt niður, þarf ekki skriflegt samþykki gamla félagsins um félagaskipti en önnur ákvæði 2.gr. skulu vera uppfyllt.

7.gr.

Leikmanni er aðeins heimilt að skipta um félag tvisvar á hverri leiktíð og jafnframt er leikmaður einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

8. gr.

Félögum er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns samkvæmt reglum BLÍ innan félagsskiptatímabils skv. 3. gr.

Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á sérstöku eyðublaði BLÍ (Tilkynning um tímabundin félagaskipti) og skal undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum og jafngildir félagaskiptatilkynningu við upphaf og enda lánstíma. Á tilkynningunni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal sjálfkrafa snúa til samningsfélags síns.

Til að félagaskiptatilkynning öðlist gildi skal hún undirrituð af þeim aðila sem heimild hefur til að skuldbinda félagið.

Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun tilkynningar, skal hún einnig undirrituð af forráðamanni leikmannsins.

Með tilkynningunni lýsa allir aðilar því yfir að samið hafið verið að öllu leyti um uppgjör á milli aðila vegna skiptanna og að bæði félögin sé ábyrg gagnvart leikmanni á réttindum.

Leikmaður fær leikheimild með hinu nýja félagi við útgáfu keppnisleyfis af BLÍ. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskipta.

Aðeins er greitt félagaskiptagjald vegna félagaskipta úr samningsfélagi í félagið sem fær leikmanninn til sín en ekki þegar leikmaðurinn snýr til baka.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

Samningsfélagi er heimilt fyrir 1.mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 4 dögum eftir að tilkynningin er sannarlega móttækin af BLÍ.

9. gr.

~~Félög, sem gera með sér sérstakt samkomulag um samnýtingu leikmanna í meistaraflokki, venslasamning, hafa heimild til að hafa félagaskipti sín á milli á tímabilinu 1. september til 1. mars ár hvert. Slíkt samkomulag er eingöngu heimilt milli félaga sem leika í sitthvorri deildinni og getur hvert félag aðeins átt eitt annað venslafélag.~~

~~Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta venslafélaga er 15 dagar og fær leikmaður keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 2 dögum eftir tilkynning er sannarlega móttækin af BLÍ, nýti félag heimild til að stytta tímabundin félagaskipti leikmanns síns.~~

~~Venslafélag sem leikur í efri deild skal fyrir fyrsta leik í Íslandsmóti skila inn lista til BLÍ með nöfnum 10 leikmanna sem falla ekki undir þá leikmenn sem viðkomandi venslafélög geta samnýtt.~~

~~Ef leikmaður, sem er á lista félags, er hættur að leika fyrir félagið eða hefur ekki leikið leiki eða fleiri í röð skal félag skipta honum út af listanum fyrir nýjan leikmann. Ef félag tilkynnir ekki nýjan leikmann á listann getur BLÍ valið virkan leikmann úr leikmannahóp félagsins og tilkynnt hann á listann.~~

~~Sendi félag ekki inn lista með leikmönnum eða vanrækir að bæta við listann skv. 4.~~

~~mgr. þessarar greinar þrátt fyrir áskorun mótanefndar BLÍ falla niður heimildir félaganna til samnýtingu leikmanna skv. 1. mgr.~~

Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1.gr.

Sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi er talinn frá móttöku fullgildra félagaskipta skv. 2. og 4.gr. reglugerðar um félagaskipti.

2.gr.

Móttaka skjala vegna félagaskipta telst gild þegar framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ vottar hana skriflega.

3.gr.

Félagaskipti taka ekki gildi fyrr en yfirlýsing um skiptin, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins hafa verið móttokin (sjá þó 6.gr. reglugerðar).

4.gr.

Framkvæmdastjóra eða formanni BLÍ er heimilt að samþykkja félagaskipti þegar yfirlýsing leikmanns, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins er móttekið samkvæmt reglum um móttöku skjala skv. 2. gr. reglugerðar um félagaskipti. Framkvæmdarstjóra eða formanni BLÍ er ekki heimilt að taka á móti félagaskiptum liðs sem þeir spila með, þjálfar, starfa hjá með öðrum hætti eða sitja í stjórn hjá. Í slíkum tilfellum skulu þeir leita til annarra stjórnarmeðlima með að staðfesta félagaskiptin.

5.gr.

Rísi upp ágreiningur um félagaskipti skal skjóta málinu til stjórnar BLÍ til úrlausnar. Sé slíkur ágreiningur, er sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi talinn frá því að málinu er skotið til stjórnar. Leikmaður verður þó aldrei löglegur fyrr en að stjórn hefur úrskurðað í málinu og félagaskiptin hafa verið samþykkt. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

Þingjali vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu fyrir næsta ársþing BLÍ

Breytingatillaga að reglugerð um búninga í blaki

Blakdeild Hamars leggur til eftirfarandi breytingu á 2. málsgrein [2.gr.](#) reglna um númer búninga.

"Búningar eru merktir með númeri frá 1-99 á miðju brjósti og baki en lið í tveimur efstu deildum Íslandsmóts og bikarkeppni (frá og með **8 liða úrslitum**) skulu merkt með númeri frá 1-20."

Skýring....

Fjöldi keppenda er orðinn mjög mikill í mörgum liðum og í flestum þeirra eiga iðkendur búninga sjálfir.

Ef leyfilegum númerum er fjölgað einfaldast utanumhald um búninga félaga töluvert og auðveldara verður að forðast að tveir leikmenn í sama liði eigi búning með sama númeri.

Blakdeild Hamars

Samþykkt samhljóða